

Forvarnarteymi grunnskólanna – 5. fundur

2. febrúar 2023 kl. 14:30

Mættir voru: Anna Kristín Gunnarsdóttir sérkennari, Helga Helgadóttir kennari, Guðný skólahjúkrunarfræðingur, Garðar Geirfinnsson deildarstjóri náms og kennslu, Hildur Þóra Friðriksdóttir félagsþjónusta Ölfus, Guðný Sigurðardóttir skólahjúkrunarfræðingur, Ragnar Matthíasson forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar í Þorlákshöfn, Ragnar S. Ragnarsson sálfræðingur, Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri var á Teams. Indíana Ægisdóttir var gestur fundarins.

1. Kennsluáætlun um kynfræðslu og kynbundið ofbeldi

Indíana Ægisdóttir kynfræðingur var boðin velkomin á fundinn til þess að kynna hugmyndir um gerð heildstæðrar kennsluáætlunar í kynfræðslu fyrir skólann. Þannig mætti tryggja samfelld nám í kynfræðslu í gegnum allan skólann.

Indíana spurði hvernig kynfræðslu væri háttað í skólanum? Í framhaldi af svörum kennara og stjórnenda var rætt um þörf fyrir heildstæða kennsluáætlun fyrir kynfræðslu og kynbundið ofbeldi. Indíana fór yfir dæmi um námskrá 2. bekkjar að amerískri fyrirmynd.

Indíana vill hitta kennara eftir stigum og yfirfara með þeim þær áætlanir sem nú eru í gildi. Umræðan fór víða og um samþættingu kynfræðslunáms við samfélagsfræði, náttúrufræði, samskipti o.fl. Ákveðið að fara í gang með gerð heildstæðrar kennsluáætlunar fyrir kynfræðslu og kynbundið ofbeldi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.05

Jónína Magnúsdóttir